



**Svavar Alfreð Jónsson** er fæddur á Akureyri árið 1960. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri. Guðfræði las hann í Háskóla Íslands og við Kirchliche Hochschule Bethel í Bielefeld í Þýsklandi. Kandiðatsprófi í greininni lauk hann árið 1986 og stundaði framhaldsnám í henni við háskólann í Göttingen í Þýskalandi á árunum 1992-1994.

Svavar var sóknarprestur í Ólafsfjarðarprestakalli frá 1986 og héraðsprestur í Eyjafjarðarprófastsdæmi 1995. Hann er nú sóknarprestur í Akureyrarprestakalli. Svavar hefur ort bæði sálma og ljóð. Fyrir nokkrum árum samdi hann messusöngleikinn Leiðina til lífsins fyrir Kirkjulistaviku. Hann er áhugaljósmyndari og

hefur haldið nokkrar einkasýningar með myndum af eyfirkum fossum, á Íslandi og í Þýskalandi. Í sumar kemur út bók með Eyjafjarðarfossunum hans Svavars. Hann er matgoggur og fyrir síðustu jól sendi hann frá sér matreiðslubókina „Biblímatur. Uppskriftir úr landi mjólkur og hunangs“.